

Umsögn

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum (skilyrði fyrir beitingu úrræða skv. XI. kafla).

Frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

Nefndin hefur að beiðni allsherjar- og menntamálanefndar frá 11. maí sl. fjallað um málið. Nefndin ákvað á fundi sínum 26. maí sl. að hún mundi ekki skila umsögnum um málið fyrr en eftir sameiginlegan fund nefndarinnar með innanríkisráðherra og allsherjar- og menntamálanefnd. Fundurinn var haldinn í 9. júní sl.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna sem fjalla um símahlustun, sbr. 81. gr. laganna, upptöku á hljóðum og merkjum og ljósmyndun, sbr. a- og b-lið 1. mgr. 82. gr., og notkun eftirfararbúnaðar, sbr. c-lið 1. mgr. 82. gr. laganna. Með frumvarpinu er einnig lagt til að skilyrði fyrir beitingu þessara aðgerða verði skýrari og þrengri og eftirlit með því hvernig að þeim er staðið verði aukið.

Umfjöllun nefndarinnar um málið hefur beinst að því hvernig þessar aðgerðir skerða friðhelgi einkalífs þeirra sem þær beinast að og hvort að réttaröryggi þeirra sé tryggt með fullnægjandi hætti. Nefndin telur til mikilla bóta sú tillaga í frumvarpinu að skipaður verði lögmaður til að gæta hagsmuna þess sem aðgerð beinist að áður en dómari kveður upp úrskurð um hana. Nefndin telur það til þess fallið að veita lögreglu og dómstólum aðhald og auka þar með réttaröryggi þess sem aðgerð er ætlað að beinast að.

Nefndin hefur einnig fjallað um hvernig best sé að haga eftirliti með lögreglu við framkvæmd þessara aðgerða, þ.e. símahlustunar og allrar meðferðar fjarskiptaupplýsinga, upptöku á hljóðum og merkjum, ljósmyndun og notkun eftirfararbúnaðar. Nefndin telur til mikilla bóta þær tillögur í frumvarpinu að settar verði ítarlegri reglur um framkvæmd aðgerða af þessum toga og um meðferð upplýsinga sem fengnar eru á þennan hátt, þar á meðal kveðið skýrar á um að ríkissaksóknari skuli hafa eftirlit með því að gögnum sem aflað er með símahlustun eða öðrum sambærilegum úrræðum sé eytt í samræmi við lög. Fyrir liggur að allsherjar- og menntamálanefnd er með til umfjöllunar breytingartillögu við málið sem fjallar um að ríkissaksóknari skuli árlega gefa út skýrslu um framkvæmd eftirlitsins og beitingu aðgerða þar sem koma eigi fram hvernig eftirlitinu er háttað, hvernig gengið hafi að samfylgja því, tölfræði um beitingu aðgerðanna svo sem fjölda mála, fjölda einstaklinga, dómsúrskurða, tegunda aðgerða og tímalengd þeirra og að skýrslan verði birt á vef ríkissaksóknara.

Nefndin telur að samantekt og birting slíkrar skýrslu um tölfræði auki gagnsæi þessara mála og veiti aðhald að beitingu slíkra aðgerða en telur engu síðu nauðsynlegt að leggja einnig til sjálfstætt eftirlit með framkvæmd þessara aðgerða og annarra sambærilegra aðgerða hjá lögreglu og dómstólum. Við framkvæmd þess eftirlits sé nauðsynlegt að leita til þeirra sem hafa sérþekkingu á þeim tæknimálum sem um ræðir. Nefndin leggur áherslu á að með skilvirkri og gagnsæu eftirliti verður unnt að auka réttaröryggi borgaranna og þar með traust á lögreglu og dómstólum.

Nefndin leggur því til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við gildistöku laga þessara skal ráðherra láta kanna og greina leiðir til að veita lögreglu aðhald við eftirlitsstörf, svo sem öflunar og meðferð fjarskiptaupplýsinga, sbr. 80. gr., símahlustun, sbr. 81. gr., upptöku á hljóðum og merkjum og ljósmyndun, sbr. a- og b-lið 1. mgr. 82. gr., notkun eftirfararbúnaðar sbr. c-lið 1. mgr. 82. gr. og hvers kyns eftirliti af hálfu lögreglu, þar með talið hvað varðar stafræn gögn og lýsigögn (metadata). Hafa skal hliðsjón af fyrirkomulagi erlendis við þessa greiningarvinnu. Fulltrúar þingflokka skulu hafa aðkomu að vinnunni og þeir upplýstir um hana stig af stigi. Stefna skal að því að tillögur verði kynntar Alþingi í lok árs 2017.

Brynhildur Pétursdóttir, áheymarfulltrúi í nefndinni, er samþykkt umsögninni.

Alþing, 25. ágúst 2016.

Ögmundur Jónasson, form.

Birgir Ármannsson

Birgitta Jónsdóttir

Árni Páll Árnason

Brynjar Nielsson

Elsa Lára Arnardóttir

Helgi Hjörvar

Willum Þór Þórsson